

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar
6. fundur 2023 (119. fundur)
EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 28.08.2023 kl. 08:15 í fundarsal Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Einar Jón Pálsson	skipulagsnefnd
Steinþór Einarsson	"
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Gísli Pálsson	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Björn Ingi Edvardsson	skipulagsfulltrúi
Sveinn Valdimarsson	Landhelgisgæslan

1. Endurskoðun aðalskipulags Keflavíkurflugvallar. Drög að skipulags- og matslýsingu

Lögð voru fram uppfærð drög að skipulags- og matslýsingu vegna fyrirhugaðrar endurskoðunar aðalskipulags Keflavíkurflugvallar, dags. 17.08.2023. Gerðar höfðu verið minniháttar breytingar á lýsingunni frá fyrra fundi vegna athugasemda sem borist höfðu.

Skipulagsnefndin samþykkti að auglýsa skipulags- og matslýsinguna í samræmi við ákvæði skipulagsreglugerðar þar um og senda hana til umsagnaraðila sem tilgreindir eru í lýsingunni.

Skipulagsnefndin leggur áherslu á reglulegt samráð og kynningu í nefndinni við frekari vinnslu við endurskoðun aðalskipulagsins.

2. Austursvæði, Háaleitishlað – breyting á deiliskipulagi

Auglýst hefur verið tillaga að breytingu á deiliskipulagi Austursvæðis. Háaleitishlaðs sbr. uppfærðan uppdrátt dags, 18.08.2023. Breytingin felst á aðalatriðum í að sýnd er ný settjörn, skipulagsvæðið er stækkað, vegur er færður við gagnaver Verne Global, ný lóð og ný tenging er sýnd inn á lóð fyrirtækisins og jarðstrengur Landsnets er sýndur á uppdrætti.

Viðbrögð við skipulagstillögunni bárust frá eftirfarandi aðilum:

- Landhelgisgæslan gerir ekki athugasemdir við tillöguna, dags. 02.08.2023.
- Landsnet óskar eftir að gerð verði grein fyrir Fitjalínu 2, 132 kV jarðstreng sem liggur að hluta til um svæðið, dags. 27.07.2023. Brugðist var við erindi Landsnets með því að sýna jarðstrenginn á skipulagsuppdrætti.
- Reykjanesbær gerir ekki athugasemdir við skipulagstillöguna, dags. 21.06.2023.

- Í umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 21.08.2023, er lagt til að skipulagstillagan verði samþykkt með áorðnum breytingum.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar samþykkti skipulagstillöguna með áorðnum breytingum.

3. Öryggissvæði – breyting á deiliskipulagi

Lagt var fram erindi skipulagsfulltrúa öryggissvæða, dags. 02.08.2023, þar sem greint er frá að eftir auglýsingu um breytingu á deiliskipulagi á öryggissvæði Keflavíkurflugvallar, sem fólst í nýju öryggishliði inn á svæðið, bárust engar athugasemdir frá umsagnaraðilum. Gengið verður því frá tillögunni eins og hún var lögð fram til kynningar.

4. Fundarstaður – lokun fundaraðstöðu í FLE

Fundaraðstöðu í FLE hefur verið lokað vegna rakavandamála. Framvegis mun því skipulagsnefndin halda fundi sína í fundaraðstöðu Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum SSS.

5. Fundur með innviðaráðuneyti

Formaður skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar greindi frá því að fyrirhugaður er fundur með fulltrúum skipulagsnefndarinnar og innviðaráðuneytisins. Á fundinum verður á dagskrá skipan nefndarinnar og hæfi við tiltekna aðstæður og framtíð NA/SV flugbrautarinnar auk annarra mála sem upp kunna að koma.

6. Netfang skipulagsnefndarinnar

Stefnt er að því að skipulagsnefndin verði með sérstakt netfang á heimasíðu Keflavíkurflugvallar þar sem unnt verður að senda erindi til nefndarinnar.

7. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar er fyrirhugaður 2. október 2023.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Ný slóð á sharepoint síðu skipulagsnefndar:

<https://isaviasky.sharepoint.com/sites/D0234/SitePages/Home.aspx>